



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 30. ágúst 2023

Efni: Áform um frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. 148/2023

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT), starfsgreinahópur innan SI, hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins, mál nr. 148/2023.

Inngangur

Samtökin fagna því að til standi að auka skilvirkni í rekstri ríkisins á upplýsingatækni og telja viðeigandi að málaflokkurinn heyri undir fjármálaráðuneytið. Samtökin telja mikilvægt að einn aðili í stjórnarráðinu hafi yfirumsjón með málaflokknum og geti veitt leiðsögn og tilmæli til opinberra stofnana um skilvirkari, gagnsærri og öruggari rekstur á sameiginlegum innviðum. Dreifstýring á rekstri og högun upplýsingatækni er of mikil á Íslandi, sérstaklega þegar litið er til stærðar þjóðarinnar. Gríðarlega mikilvægt er að tæknileg viðmið séu samræmd, ekki aðeins til þess að tryggja rekstrarhagræði fyrir hið opinbera heldur einnig til þess að auka samræmd viðmið og líkur á því að einkaaðilar geti hagnýtt opinber gögn og þróað vörur og þjónustu sem hið opinbera getur nýtt til þess að bæta þjónustu og auka rekstrarhagræði enn frekar. Samtökin fagna því að fjármálaráðuneytið líti til nágrannalanda Íslands við mótun lagafrumvarpsins.

Samtökin vilja nýta tækifærið á meðan frumvarpið er í vinnslu og koma áleiðis nokkrum mikilvægum atriðum sem er nauðsynlegt að mati samtakanna að taka mið af við gerð frumvarpsins.

1. Sérhæfður mannauður er af skornum skammti

Samtökin hafa ítrekað bent á að mikil og viðvarandi vöntun er á sérhæfðu, tæknimenntuðu starfsfólki hér á landi. Í greiningu sem SI gáfu út á síðasta ári, og byggði á könnun á meðal félagsmanna, kom fram að fyrirtæki í hugverkaiðnaði sjá fram á að þurfa að ráða 9.000 sérfræðinga fyrir árið 2027 ef vaxtaáætlanir þeirra eiga að ná fram að ganga. Það er til mikils að vinna fyrir íslenskt samfélag að hugverkaiðnaður vaxi og dafni til framtíðar, samtökin hafa verið óþreytandi við að benda á að iðnaðurinn er sveigjanlegur, þar eru spennandi störf auk þess sem há framleiðni er hjá fyrirtækjum í iðnaðinum. Einkageirinn hefur á undanförunum árum átt í sífellt meiri samkeppni við hið opinbera um hæft starfsfólk en vöntun er á nauðsynlegum sérfræðingum sem kunna skil á rekstri grunninnviða; svo sem kerfisstjóra og netöryggissérfræðinga til dæmis. Samtökin hvetja stjórnvöld til þess að hafa þetta í huga við áætlanagerð varðandi upplýsingatæknirekstur hins opinbera. Mikilvægt er að sérhæfður mannauður starfi hjá hinu opinbera til þess að tryggja rekstur grunninnviða en mörgum



verkefnum má útvista og vinna í samvinnu við einkaaðila. Þar má líta til Stafræns Íslands sem er að mati samtakanna ákaflega vel heppnað verkefni á vegum hins opinbera.

2. Útboð verða að þróast í takt við tímann

Til þess að tryggja skilvirkan rekstur á upplýsingatæknikerfum hins opinberra er nauðsynlegt að skipta verkum á milli hins opinbera og einkamarkaðarins. Tækninni hefur fleygt fram á síðustu árum og hafa viðmið og reglur í útboðum ekki verið endurskoðaðar kerfisbundið í samræmi við þessa þróun. Á síðustu árum hafa félagsmenn samtakanna kvartað yfir framkvæmd útboða í upplýsingatækni af margvíslegum ástæðum en það sem þau eiga sameiginlegt er að niðurstaðan í útboðinu er oft ekki sú tæknilega besta á markaði og ekki sú sem hefur mest rekstrarhagræði í för með sér fyrir kaupandann, þ.e. ríkið.

Þá þarf að feta þá stigu á milli þess að tryggja heilbrigða samkeppni á markaði, tryggja það að bæði stór og lítil fyrirtæki geti tekið þátt í útboðum, en á sama tíma að tryggja samfellu og stöðugleika í rekstri ríkisins á upplýsingatæknikerfum. Þetta er áskorun sem er ekki bundin við Ísland heldur á við víða um heim. Samtökin eru boðin og búin til þess að eiga samtal við stjórnvöld og vinna saman að lausn þessara mála. Unnið er að endurskoðun á rekstri grunnkerfa í heilbrigðisþjónustu um þessar mundir til að mynda og hvetja samtökin til þess að skýrt samtal verði á milli fjármálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins þegar unnið er að frumvarpinu til þess að allir aðilar vinni að sama markmiði með sama hætti.

3. Skýrar kröfur um hagnýtingu gagna, stöðlun á hugbúnaði og gæða- og persónuverndarviðmið

Samtökin binda vonir við að skýrar, samræmdar kröfur verði gerðar til allra opinberra aðila varðandi hvernig má hagnýta opinber gögn og hverskonar stöðlun verði viðhöfð þegar kemur að hugbúnaðarþróun, gæða- og persónuverndarkröfum.

Fjöldmörg dæmi eru um frábær verkefni hjá fyrirtækjum á markaði sem ekki er hægt að nýta fyrir íslenskan markað vegna óskýrra krafna hins opinberra um hver megi nýta lausnina, í hvaða tilgangi og fyrir hvern. Þetta er tilvikið til að mynda þegar kemur að hágæða lausnum í menntatækni og heilbrigðistækni.

Lokaorð

Samtökin hafa hér stiklað á stóru um þrjú stór álitamál sem hafa þarf í huga þegar áform um frumvarp til laga um högun í upplýsingatækni í rekstri ríkisins eru unnin áfram. Samtökin áskilja sér rétt til þess að koma á framfæri athugasemdum á síðari stigum málsins en þakka jafnframt fyrir gott samtal við ráðuneytið um þessi mál hingað til.

Virðingarfyllst,

Nanna Elísa Jakobsdóttir,

viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins